

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Glaðheimar, Kópavogsbæ.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. maí 2008 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2014 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að u.þ.b. 12,6 ha opið svæði til sérstakra nota (hesthúsasvæði Gusts að Glaðheimum) auk svæðis núverandi byggðar (lóð áhaldahúss Kópavogsbæjar) verður skilgreint sem byggðarreitur fyrir blandaða byggð til 2024. Breytingar eru jafnframt gerðar á töflum 3.1 og 3.2 í greinargerð, þar sem íbúðum fjölgar um 245 í Kópavogi austur (svæði 16) og er áætluð aukning byggingarmagns í íbúðarhúsnæði 28.000 m². Jafnframt eykst stærð verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á svæðinu um 130.000 m² en stærð sérhæfðs húsnæðis minnkar um 14.000 m².

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 26. maí 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2008